

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2004. Miðvikudaginn 15. sept. var haldinn 241. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Bláfjallaskála og hófst kl. 18:30. Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Páll Grétarsson, Sigmar Eðvardsson, Andrés Ingólfsson, Páll Ármann Eggertsson, Ingi Þór Hermannsson, Egill T. Jóhannsson og Sigurður Guðmundsson. Ragnar Örn Pétursson boðaði forföll. Jafnframt: Logi Sigurfinnsson framkvæmdastjóri, Þorsteinn Hjaltason fólkvangsvörður, Grétar H. Þórisson forstöðumaður og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundarmenn fóru í vettvangsskoðun og skoðuðu framkvæmdir við nýja lyftu á svæðinu.
2. Lögð fram fundargerð seinasta fundar. Ekki voru gerðar athugasemdir.
3. Lögð fram fundargerð rekstrarstjórnar nr. 61.
4. Rætt um gjaldskrármál. Frestað.
5. Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu framkvæmda við nýja skíðalyftu, en þær eru á áætlun.
6. Rætt um umferð á Bláfjallasvæðinu á sumrin og skemmdarverk sem unnin hafa verið á svæðinu. Vísað til framkvæmdastjóra og fólkvangsvarðar.
7. Sigurður Guðmundsson benti á að auglýsingaplaköt yrðu hengd upp með upplýsingum um skíðasvæðin í íþróttamannvirkjum sveitarfélaganna og á fleiri stöðum, þegar nær dregur opnun.
8. Rætt um skoðunarferðir sem farnar voru í sumar í Bláfjöll í samstarfi við Teit Jónasson sbr. 240. fundur liður 4.

Fundi slitið kl. 19:00.

Ingvar Sverrisson

Páll Grétarsson
Andrés Ingólfsson
Sigurður Guðmundsson
Ingi Þór Hermannsson

Sigmar Eðvardsson
Páll Ármann Eggertsson
Egill T. Jóhannsson

